

- 209 6. gr.  
17. des. Upprekstrarfélögin jafna kostnaði sínum niður eftir landverði, og fer um innheimtu þeirra gjalda sem önnur fjallskilagjöld.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, er hún hefur fengið samþykki sýslunefndar Mýrasýslu og verið staðfest af Stjórnarráði Íslands.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum, nr. 66 22. nóv. 1913, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. desember 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Páll Palmason.*

- 210 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Afmælistjóð Jónasar læknis  
21. des. Kristjánssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Jónasar læknis Kristjánssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Jónasar læknis Kristjánssonar og er eign Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ).

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 15000 — fimmtán þúsund — krónum, sem stjórn NLFÍ hafði safnað meðal félagsmanna sinna og fært Jónasi Kristjánssyni að gjöf á 75 ára afmæli hans 20. sept. 1945. Jónas Kristjánsson afhenti félaginu féð til umráða með þeirri ósk, að með því yrði stofnaður sjóður í því augnamiði, sem segir í næstu grein. Síðan hafa sjóðnum borizt fleiri gjafir og er nú 16320 — sextán þúsund þrjú hundruð og tuttugu — krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lækna eða læknaefni, sem vilja kynna sér náttúrulækningar erlendis.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: Jónas Kristjánsson læknir, er sjálfkjörinn formaður sjóðsins, 2 eru tilnefndir af stjórn NLFÍ og 2 af stjórn Heilsuhælistjóðs NLFÍ. Eftir fráfall Jónasar Kristjánssonar, eða ef hann af öðrum ástæðum hverfur úr stjórn sjóðsins, skal stjórn NLFÍ skipa formann.

Formaður velur sjálfur sinn varamann, en stjórnir NLFÍ og Heilsuhælistjóðs NLFÍ tilnefna sinn varamanninn hvor.

Tilnefning í stjórn og varastjórn skal fara fram innan 14 daga frá aðalfundi NLFÍ ár hvert. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum með þeim takmörkunum, er á undan getur. Á fundum hennar ræður afl atkvæða. Hún skal starfa kauplaust, en nauðsynlegan kostnað greiðir félagssjóður NLFÍ. **210**  
21. des.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur NLFÍ eru um leið endurskoðendur sjóðsins. Reikninga sjóðsins skal leggja endurskoðaða fyrir aðalfund NLFÍ til samþykktar árlega.

## 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í rikisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða vel tryggðum skuldabréfum og að öðru leyti á þann hátt, sem stjórninni þykir best henta.

## 7. gr.

Gjafir til sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn, sem ekki má skerða, og enn fremur  $\frac{1}{5}$  hluta af vöxtum sjóðsins.

## 8. gr.

$\frac{1}{5}$  hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið, eins og segir í 3. gr. Sjóðstjórn útlutar styrknum og er heimilt að draga saman styrktarfé tveggja eða fleiri ára og veita það í einu lagi.

## 9. gr.

Leita skal samþykkis lögmæts félagsfundar NLFÍ á skipulagsskrá þessari. Að því fengnu skal fyrsta sjóðstjórn kosin af núverandi stjórnunum NLFÍ og Heilsu- hælissjóðs NLFÍ, og leitar hún staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi NLFÍ, og þarf til breytinganna samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta mætra félagsmanna.

Samþykkt á fundi í Náttúruvæðingafélags Íslands 11. október 1945.

Halldór Stefánsson,  
fundarstjóri.

Axel Helgason,  
ritari.

## VÍSITALA

framfærslukostnaðar í Reykjavík árið 1945.

211

Í janúar	274	stig	Í júlí	275	stig
- febrúar	274	—	- ágúst	275	—
- marz	274	—	- september	278	—
- apríl	274	—	- október	285	—
- maí	274	—	- nóvember	284	—
- júní	275	—	- desember	285	—